

Gátlisti vegna uppgjörs

ALMENNT

1. Hefur verið brugðist við athugasemdum Fjársýslunnar?
 - Skoða bréf, tölvupósta o.s.frv.
2. Hefur verið brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar?
 - Skoða endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar vegna fyrra árs
3. Bókunarviðföng - fjárlagaviðföng
 - eru bókunarviðföngin í takt við fjárlagaviðföngin - sbr. fjárlög ársins

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 6 Fjárheimildir (skýrsla 625)

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 301)

4. Samanburður við fyrra ár
 - Skoða breytingar milli ára, finna skýringu á þeim og laga ef þarf

Askur: Flokkur 4 Samanburður (t.d. skýrsla 421)

5. Formerki á tegundum

- Meginreglan er:

Tegund 1 → Eignir → Samtala á að vera debet

Tegund 2 → Skuldir → Samtala á að vera kredit

Tegund 4 → Tekjur → Samtala á að vera kredit

Tegund 5 → Gjöld → Samtala á að vera debet

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 301)

6. Afstemming undirkerfa við GL

- Þær stofnanir sem eru með undirkerfi þurfa að bera þessi kerfi saman við fjárhagsbókhalðið (GL)

Afstemming milli AP og GL

- Stemma af stöðu í AP (Accounts Payables) við stöðu á tegund 2275 í GL

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 301)

AP: Eftirstöðvalisti - stofnun - viðskiptamenn eða Eftirstöðvalisti viðskiptaskulda

Askur: Flokkur 8 Afstemmingar

Afstemming milli AR og GL

- Stemma af stöðu í AR (Accounts Receivables) við stöðu á tegundum 12176 og 1275 í GL

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 301)

AR: Eftirstöðvalisti AR

Askur: Flokkur 8 Afstemmingar

Afstemming milli FA og GL

- Stemma af stöðu í FA (Fixed Assets) við stöðu á tegundum 18xxx

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 301)

FA: Fjárhagsskýrsla í Aski

Aðrar afstemmingar

Afstemming milli TBR og GL

- Stemma af stöðu í TBR við stöðu á tegund 12178 í fjárhagsbókhalda (GL)
- Taka þarf út eftirstöðvalista í TBR

Afstemming milli INV (Birgðabókhalda) og GL

Afstemming milli PA (Verkbókhalda) og GL

Afstemming milli annarra kerfa utan við Oracle við GL (sögukerfi, Navision o.fl.)

Afstemming milli HR orlofsskuldbinding og GL

- Stofnanir þurfa að stemma af orlofsskuldbindingu tegundir 227671-9 í fjárhag við skýrslu í Aski undir HR LAUN

7. Tegund 6700 (framlag ríkissjóðs) / Tegund 13109 (framlag ríkissjóðs á árinu)

- Staðan á tegund 13109 sýnir heildarfjárheimild stofnunar
- Staða á tegund 6700 sýnir fjárheimildir til reksturs
- Mismunurinn liggur á tegund 2320 fjárfestingarheimild ársins

Fjársýslan sér um að bóka á þessar tegundir mánaðarlega

8. Tegund 6800 (fjárfestingarframlag ríkissjóðs)

- Staðan á tegund 6800 á í flestum tilfellum (undantekning þegar fjárfest er fyrir sértekjur) að vera sú sama og heildarafskrift ársins þ.e. tegund 58xxx. Flutt er af tegund 28xx frestaðar tekjur yfir á tegund 6800 við uppgjör

Fjársýslan sér um að bóka á þessar tegundir mánaðarlega

9. Tegund 9990 (hagnaður / tap ársins) / Tegund 3819 (flutt af rekstrarreikningi)

- Ekki er leyfilegt að bóka á tegundir 3819 og 9990

Fjársýslan sér um að bóka á þessar tegundir og gerir það í tímabili 13

10. Launaframtal (á ekki við stofnanir í bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslunnar)

- Fjársýslan sér um að senda til Skattsins upplýsingar um laun sem fara í gegnum launakerfi ríkisins. Stofnanir sem ekki eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslunnar þurfa sjálfar að annast vinnslu launamíða og sjá um skil á launaframtali til Skattsins vegna greiðslna sem ekki hafa farið í gegnum launakerfi ríkisins svo sem dagpeninga, aksturs, styrkja, vinnu verktaka
- Öll skil til Skattsins eiga að vera á rafrænu formi

- Sjá leiðbeiningarnar á heimasíðu Fjársýslunnar

11. Ýmsar skuldbindingar / Annar áfallinn kostnaður

Skuldbindandi samningar

- Hér er um að ræða skuldbindingar til lengri tíma en eins árs, aðrar en þær sem tilkomnar eru með skuldabréfum og öðrum lánasamningum

Lögð er rík áhersla á að stofnanir skýri frá öllum slíkum samningum séu þeir til staðar

- Í ríkisreikningi er birt yfirlit um samninga sem fela í sér fjárskuldbindingar, m.a. vegna rekstrar og framkvæmda samkvæmt ársreikningalögum

Skrá þarf og viðhalda skuldbindandi samningum í skráningarkerfi Fjársýslunnar

- Samkvæmt reglum nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs, 6. gr., er stofnunum óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum um kaupleigu eða fjármögnunarleigu án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytis og viðkomandi ráðuneytis.

Annar áfallinn kostnaður

- Stofnanir skulu færa allan kostnað við rekstur ársins í bókhald annað hvort eftir reikningi eða áætla hann í samræmi við ákvörðun um kaup. Tegund 22754

12. Eignarhlutir í félögum

- Bókunartákn: 17 = Kaup og endurmat / 18 = Sala
- Við bókun eignarhluta skal setja kennitölu fyrirtækis sem keypt er í, í kennitölureit og nafn þess í lýsingu

Fylla þarf út eyðublaðið Eignarhlutir í félögum og skila til Fjársýslunnar

13. Skjölun

- Við allar afstemmingar er mikilvægt að hafa í huga að skjala afstemmingarblöð þannig að endurskoðendur og aðrir sem koma að geti séð að afstemming hafi átt sér stað og hvernig leiðréttingar voru gerðar ef einhverjar voru

14. Afskriftir krafna

Bein afskrift

- Bein afskrift færast í efnahag á kennitölu viðskiptamanns með mótbókun á tegund 124x

Óbein afskrift:

- Meta þarf kröfur og færa niður sem óbeina afskrift ef vafi leikur á að þær innheimtist
- Yfirfara aldursgreinda kröfulista og færa kröfur niður með eftirfarandi hætti (eða öðrum ef stofnun hefur sett sér stífari reglur)

Kröfur yngri en 3 mánaða → 10% niðurfærsla

Kröfur 3-6 mánaða → 50% niðurfærsla

Kröfur eldri en 6 mánaða → 100% niðurfærsla

- Séu tryggingar fyrir kröfu má víkja frá ofangreindu. Liggi fyrir að krafa séu töpuð eða meiri líkur en minni á því þá 100% niðurfært
- Breyting á óbeinni afskrift skal bóka á tegund 57722

- Óbeina afskrift á að bóka á tegundir 124x með gervikennitölu 9910016800 - Óbein afskrift / niðurfærsla skammtímakrafna

Ef um er að ræða sýslumenn / innheimtumenn ríkissjóðs:

- Við bókun á afskrift þarf að skoða hvers eðlis krafan er
 - Ef um er að ræða afskrift vegna innheimtumála / málskostnaðar fyrir ríkissjóð þarf að afskrifa á viðskiptareikning ríkissjóðs, tegund 2210
 - Ef um er að ræða viðskiptareikninga vegna reksturs embættisins t.d. ofgreidd laun, ógreiddar sértekjur eða annað þá á að fara með þetta um rekstur embættisins og gjaldfæra á tegund 57722
 - Ef þetta eru viðskiptareikningar vegna Lögbirtingablaðsins þá á afskriftin að fara um rekstur, bókast á viðfangsefni blaðsins og gjaldfærast á tegund 57722. (Þetta á við hjá sýslumanninum á Suðurlandi)

15. Rekstrarfélög um sameignir

- Skoða skal hvort staða er á tegund 1215 / 2215 á kennitölu viðkomandi rekstrarfélags.
Dæmi: Borgartún 21 kt. 640300-2050
- Ef staða er þá þarf að uppfæra hana og gera bókanir í samræmi við uppgjör frá rekstrarfélaginu áður en stofnun er lokað

16. Framkvæmdasýslan

- Ef „viðskipti“ eru / hafa verið við Framkvæmdasýsluna kt. 510391-2259 þarf að fara yfir bókanir vegna þess, bæði eignabókunina og bókanir á viðskiptareikning og staðfesta að stöður séu í samræmi við það sem Framkvæmdasýslan er með í sínum bókum
- Stofnanir þurfa að kalla eftir yfirliti frá Framkvæmdasýslunni - sem er þá ytri staðfesting á viðskiptastöðunni

17. Styrkir

- Sjá reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum í A-hluta á heimasíðu Fjársýslunnar

18. Uppgjör vegna skila á innheimtu (á við sýslumenn / innheimtumenn ríkissjóðs)

- Dagleg innheimta samkvæmt sjóðstalningu er færð á tegund 2210 á kt. 99100-10000
- Þegar skilagrein berst frá Fjársýslunni í lok mánaðar er þessi tegund tæmd og bókað á viðeigandi tegundir
- Innheimta ríkissjóðs fer á tegund 2210 á kt. 550169-2829
- Við mánaðarmót og áramót á engin staða að vera á kt. 99100-10000

EFNAHAGUR

19. Sjóðir - tegund 111

- Færa þarf alla sjóði og allar hreyfingar á þeim í bókhaldi stofnunar
- Sjóði þarf að telja reglulega og alltaf vegna árs- / árshlutauppgjörs að viðstöddum gjaldkera og næsta yfirmanni

Ganga þarf frá sjóðstalningu og skila undirrituðu sjóðsafstemmingareyðublaði til Fjársýslunnar

- Bera saman síðu í sjóðbók sem sýnir stöðuna í lok viðkomandi tímabils við niðurstöðu sjóðs í fjárhagsbókhaldinu (GL)

Vegna árs- / árshlutauppgjörs þarf að skila afstemmingu á sjóði til Fjársýslunnar ásamt afriti af síðu í sjóðbók sem sýnir stöðuna 31/MM/ÁR

Skýrslur sem nýtast:

Ársreikningur: Staða bankareikninga

Askur: Flokkur 3 Stöður (321 staða vídd)

20. Bankareikningar - tegund 112-119

- Færa þarf alla bankareikninga sem tilheyra stofnuninni og hreyfingar á þeim í bókhaldi stofnunar
- Afstemming bankareikninga þarf að vera með formlegum hætti og framkvæmast a.m.k. mánaðarlega

Vegna árs- / árshlutauppgjörs þarf að skila afritum af bankaafstemmingum og ljósritum af bankayfirlitum til Fjársýslunnar

- Bankareikningar í erlendri mynt eiga að sýna stöðu miðað við gengi í lok viðkomandi tímabils - inneign miðað við kaupgengi - skuld miðað við sölugengi

Samkvæmt 37. gr. LOF skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð

- Vaxtatekjur færast með hefðbundnum hætti á 47702 og 57472 og síðan millifært yfir á tegund 13104. Á ekki við innheimtumenn ríkissjóðs

Senda skal Fjársýslunni afrit þessara færslna á 13104 til bókonar hjá ríkissjóði

- Fjármagnstekjuskatt (skatt af fjármagnstekjum, öðrum en vaxtatekjum sem renna í ríkissjóð) á að gjaldfæra á 57472
- Gengishagnað vegna bankareikninga á að færa á tegund 47762 og gengistap á tegund 57192
- Ríkisstofnunum er ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi sbr. 1. gr. í reglum nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs.
- Almennt eiga stofnanir sem hafa reikning í banka að endurgreiða til ríkissjóðs fyrir lok hvers mánaðar það fé sem fer umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins.

Óbókfærðar innborganir (á við sýslumenn / innheimtumenn ríkissjóðs)

- Innborganir inn á bankareikning innheimtumanna sem ekki náðist að færa inn í TBR fyrir mánaðarmót / áramót skal færa í bókkaldi embættisins á þann mánuð eða ár sem innborgun var gerð með mótfærslu á tegund 2216 og kt. 99100-60040

Skýrslur sem nýtast:

Ársreikningur: Staða bankareikninga

Askur: Flokkur 3 stöður (321 staða vídd1)

Vídd 1 er hér notuð til að aðgreina einstaka bankareikninga - með bókstafnum b og raunverulega bankanúmerinu

21. Skammtímakröfur - tegund 12 / Skammtímaskuldir - tegund 22

- Skammtímakröfur eru allar kröfur sem gjaldkræfar eru innan eins árs
- Meta þarf kröfur og færa niður sem óbeina afskrift ef vafi leikur á að þær innheimtist
- Skammtímaskuldir teljast kuldir sem gjaldfalla innan eins árs
- Starfsmenn eiga almennt ekki að hafa viðskiptareikning hjá stofnuninni nema í tengslum við ferðareikninga þ.e. teg. 12164
- Tryggja þarf að kröfur sem koma fram í reikningskilum stofnunar séu raunhæfar, í eigu hennar og allar kröfur komi fram
- Ef engar hreyfingar hafa átt sér stað á árinu og viðskiptamaður er með stöðu frá fyrra ári þarf að skoða það
- Ef ekki tekst að innheimta þarf stofnunin að sækja skriflega til Ríkisendurskoðunar um heimild til afskriftar
- Þegar sú heimild liggur fyrir má færa afskriftina í bókkaldið en ekki fyrr
- Sjá líka lið 14 Afskriftir krafna hér að ofan
- Ef sami viðskiptamaður kemur fyrir á tveimur tegundum t.d. 1216 og 2216 þarf að ganga úr skugga um hvort svo eigi að vera en leiðréttta ella

Einnig skoða hvort verið er að nota einstakar tegundir rétt - svo sem:

- 1210 / 2210 Ríkissjóður
- 1211 / 2211 Ríkisstofnanir í **A-hluta** (sjá ríkisreikning sl. ár)
- 12134 / 22124 Ríkisaðilar í **B-hluta**
- 12135 / 22125 Ríkisaðilar í **C-hluta**
- 1214 / 2214 Sveitarfélög
- 1215 / 2215 Fyrirtæki og atvinnuvegir
- 1216 / 2216 Einstaklingar, félög og samtök - t.d. Borgun, Valitor / Posar, Innkaupakort
- 12169 Biðreikningur vegna Innkaupakorts - Staða á að vera = 0 í árslok
- 1217 / 2217 Einstaklingar, félög og samtök
- 1218 / 2218 Erlendir aðilar
- 1219 / 2219 Aðrir viðskiptamenn

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. Skýrslur 350 og 383)

22. Sérstök „endurgreiðsla“ VSK - tegund 12118 (á ekki við stofnanir í bókhalds- og greiðsluþjónustu)

- Reglur um sérstaka "endurgreiðslu" virðisaukaskatts vegna kaupa á tölvuþjónustu tóku gildi 1. janúar 2008, sbr. dreifibréf fjármálaráðuneytisins 4. mars 2008, ásamt leiðbeiningunum sem fylgdu
- Tegundir sem um ræðir eru: 54538, 55168 og 55548 og nauðsynlegt er að nota skattkóða til að virkja afreikninginn
- Þetta nær ekki til viðfanga sem eru virðisaukaskattsskyld
- Oracle reiknar VSK, lækkar viðkomandi gjaldategund og flytur vélrænt á tegund 12118
- Tæma þarf tegund 12118 reglulega (1x í mán.) á hverja kennitölu og flytja stöðuna yfir á tegund 13104 á kennitölu 0, en í því felst „endurgreiðslan“ þ.e. hún lagar viðskiptastöðu stofnunarinnar við ríkissjóð
- Tegund 12118 verður að standa í 0 í lok árs
- Reikningar verða að bera VSK svo hægt sé að nýta þessa heimild. Reikningar sem ekki eru með VSK og reikningar vegna kaupa erlendis skal bóka á tegundir 54530, 55160, 55540

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 383)

23. Ferðakostnaður - úppgerður - tegund 12164

- Yfirfara stöður - stöður hér eiga ekki að vera eldri en 2ja mánaða
- Ferðauppgjör vegna fyrra árs ættu að hafa skilað sér í jan-feb næsta árs
- Starfsmanni sem fer í ferð á vegum stofnunar ber að skila ferðauppgjöri eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (t.d. skýrsla 383)

24. Óinnheimtar tekjur / Fyrirfram innheimtar tekjur

- Óinnheimtar tekjur skulu færðar til tekna á viðkomandi mánuð / ár og til eignar á tegund 12176 ef stofnun er með AR - og / eða á tegund 12177 ef stofnun er ekki með AR
- Fyrirfram innheimtar tekjur skal skuldfæra á því ári / mán sem greitt er - debet banki kredit 22 og tekjufæra á því ári / þeim mánuði sem tekjurnar tilheyra - debet 22 kredit 4
- Skólar bóka fyrirfram innheimt skólagjöld á tegund 2216 með kennitölu 999990-2212

25. Vörslufé - tegund 12191 og 22191

- Með vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur og umsýslu þeirra

Vörslufé tilheyrir ekki handbæru fé viðkomandi stofnunar heldur er hér um að ræða vörslu og umsjón fyrir annan aðila

- Vörslufé skal geyma á bankareikningum og skal fært í bókhaldinu á tegund 12191 með mótbókun á tegund 22191 með sérstakri gervikennitölu á báðum tegundum
- Tegundir 12191 og 22191 eiga alltaf að vera með sömu stöðu nema með sitt hvoru formerki

- Ganga skal frá afstemmingu á vörslufjárreikningum með sama hætti og með almenna bankareikninga
- Vexti, gengismun og fjármagnstekjuskatt af bankareikningum í vörslu stofnana skal færa upp á tegundir 12191 og 22191 með viðeigandi kennitölum og víddum þar sem við á
- Sjóðir í vörslu stofnunar sem eru með staðfesta skipulagsskrá á ekki að færa upp í bókhaldi stofnunarinnar

Bankaafstemmingum með afritum af bankayfirlitum á að skila til Fjársýslunnar

Sjá reglur um vörslufé / geymslufjárreikninga á heimasíðu Fjársýslunnar

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður (skýrsla 359)

26. Staða við Ríkissjóð - tegund 13100-13109

- Tegundir 1310 sýna stöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði
- Tegundir 1310 eiga allar að vera með 0 kennitölu

Tegund 13100 Staða frá fyrra ári (skuld við eða inneign hjá ríkissjóði)

Aðeins bókað hjá Fjársýslunni

Tegund 13101 Ríkissjóður, greiddir reikningar

- Hér á eingöngu að bóka greiðslur ríkissjóðs fyrir stofnanir sem eru í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni

Aðeins bókað hjá Fjársýslunni

Tegund 13102 Launagreiðslur

- Hér færast framlag vegna launaliða
- Eingöngu um að ræða vélrænar færslur í Oracle úr launakerfinu

Tegund 13103 Ríkissjóður, rekstrarfé óskipt

- Hér á að bóka mótttekið rekstrarfé óskipt frá ríkissjóði. Endurgreiðsla á rekstrarfé til ríkisféhirðis og endurgreitt launaframlag færast einnig á þessa tegund

Tegund 13104 Ríkissjóður, millifærslur

- Hér á að bóka ýmsan kostnað sem greiddur hefur verið af öðrum en stofnuninni svo sem ráðuneyti og Fjársýslunni
- Hér skal færa m.a. millifærða húsaleigu, millifærslur v. launa skv. bréfum Mannauðssviðs Fjársýslunnar, ýmis gjöld greidd af ráðuneytum en tilheyra rekstri stofnunarinnar, sérstaka endurgreiðslu á VSK vegna tölvukostnaðar, millifærslur milli stofnana í greiðsluþjónustu Fjársýslunnar. Skil á innvöxtum og fjármagnstekjuskatti færast á móti tekju-/gjaldategund á lykilinn

Tegund 13109 Framlög

- Hér á eingöngu að bóka framlag ríkissjóðs til fjárlagaliðarins / stofnunarinnar á árinu skv. dreifingu fjárheimilda
- Mótbókunin - tekjufærslan er á tegund 6700

Fjársýslan sér um að bóka á 6700 / 13109

- Á tegundir 13101 til 13109 er bókað innan ársins
- Við upphaf næsta árs í tímabili 00 eru stöður á tegundunum 13101 til 13109 fluttar á tegund 13100

Fjársýslan gerir þær færslur

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður og flokkur 6 Fjárheimildir

Ávallt skal vera sama fjárhæð á tegundum 1310 hjá stofnun og ríkissjóði, með sitt hvoru formerkinu

27. Birgðir - tegund 14

- Stofnanir sem eru með birgðir þurfa að telja þær reglulega og örugglega í tengslum við uppgjör og uppfæra þær í GL
- Um er að ræða birgðir af söluvöru, rekstrarvöru (hjúkrunarvörur, lyf o.fl.) eða vörum til framleiðslu
- Færa skal birgðabreytingu (hækkun / lækkun) á tegund 14 og á móti á tegund 597

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 Stöður og flokkur 4 Samanburður

28. Langtímakröfur - tegund 16 / Langtímaskuldir - tegund 26

- Bókunartákn: 17 = Ný lán og endurmat / 18 = Afborgun
- Langtímakröfur eru peningalegar eignir og bundnir lánsamningar til lengri tíma en eins árs og yfirleitt í formi skuldabréfs eða skuldaviðurkenningar

29. Hlutfé og stofnfjárframlög - tegund 17

- Bókunartákn: 17 = Kaup og endurmat / 18 = Sala
- 17xx Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum
- 1735 Stofnfjárframlög erlend
- Við bókun eignarhluta skal setja kennitölu fyrirtækis í kennitölureit og nafn þess í lýsingu

Allar stofnanir sem eiga í hlutfélögum eða sameignarfélögum skulu fylla út eyðublaðið Eignarhlutir í félögum og skila til Fjársýslunnar vegna ársuppgjörs.

30. Eignir - tegund 18

- Yfirfara lýsingar og afskriftarprósentur í FA, úrelða eignir sem eru ekki lengur í notkun, yfirfara kreditstöður og sameina skv.leiðbeiningum
- Undir þennan yfirflokk skal færa kaup á varanlegum rekstrarfjármunum á tegundir 18101-18890 og kaup á óefnislegum eignum á 18910-18990
- Ef færa á varanlegan rekstrarfjármun sem verk í vinnslu þá á að merkja gjaldategundir (í fjárhag eða í verkþókhaldi) með bókunartákni 22 þá færast sjálfvirk færsla á tegund 18011. Ef um er að

ræða verk í vinnslu vegna óefnislegrar eignar skal nota gjaldategundir vegna hugbúnaðargerðar eða uppsetningar á net- og hugbúnaði með bókunartákni 22 og færast þá sjálfvirk færsla á tegund 18012. Ef óefnislegar eignir færast á 18011 eða varanlegir rekstrarfjármunir á 18012 þá þarf að leiðrétta það

- Þegar verk í vinnslu er tekið í notkun þarf að færa það af 18011/18012 á viðkomandi eignategund og hefja afskrift
- Staða í ORRA á 18011 og 18012 þarf að stemma við ofangreindar sundurliðanir
- Eignakerfi FA skilar sjálfkrafa afskriftum inná 58 tegundir í GL, með mótfærslum til lækkunar á bókaðri eign undir 18 tegundalykli. Mikilvægt er að eignakaup séu heimfærð á réttar tegundir þar sem mismunandi afskriftarhlutföll eru á eignategundum, einnig þarf að bóka inná rétt rekstrarviðföng svo afskriftir bókist á rétt viðföng í GL
- Mikilvægt er að skoða hvort allt sé eignfært sem á að eignfæra (sjá t.d. 55480) og að ekki sé eignfært ef á að gjaldfærast
- Skoða þarf hvort eitthvað er fært beint á 58 lykla en á 58xxx eiga bara að bókast færslur úr eignakerfi FA
- Leiðbeiningar ef huga þarf að sölu eigna / úreldingum / leiðréttingum í FA Eignakerfinu: <https://fjs.atlassian.net/wiki/spaces/FJS/pages/2058977477/Eignakerfi+FA>

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 3 stöður

FA: Fjárhagsskýrsla í Ask

31. VSK-tengd viðföng

- VSK-tengd viðföng verða að vera merkt sem slík í stofnskrá Oracle til þess m.a. að tryggja að virðisaukaskatturinn afreiknist vélrænt

Í lok hvers virðisaukaskattstímabils þarf að millifæra stöðu af eftirtöldum tegundum yfir á uppgjörstegund 22003 á kennitölu viðkomandi innheimtumanns:

- | | | |
|---------|---------|---------|
| - 22001 | - 22002 | - 22004 |
| - 22005 | - 22006 | - 22007 |
| - 22008 | | |

Við greiðslu skal bóka á uppgjörstegund 22003 sem þá ætti að enda með 0 stöðu

- Stofnanir með viðfangsefni í virðisaukaskattsskyldri starfsemi velja viðeigandi skattkóða sem skilar afreiknuðum VSK inn á uppgjörstegund VSK á inn- og útskatti

Skýrslur sem nýtast:

GL: VSK 10.09 R12

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar

32. Endurgreiddur VSK - tegund 22004 (á ekki við stofnanir í bókhalds- og greiðsluþjónustu)

Eftirtaldir tegundir í bókhaldi ríkisins veita rétt á endurgreiðslu á VSK, sbr. reglug. 248/1990 vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu:

- 54400	- 54410	- 54420
- 54440	- 54450	- 54460
- 54480	- 54490	- 54500
- 54510	- 54520	- 54540
- 54580	- 54710	- 55320
- 55610	- 55620	

- Velja skal viðeigandi skattkóða þegar bókað er á þessar tegundir í Orra til að virkja afreikninginn
- Reikningar verða að bera VSK svo hægt sé að nýta þessa heimild

Reikningar sem ekki eru með VSK og reikningar vegna kaupa á þjónustu erlendis skal bóka á tegundir sem enda á 1 þ.e.:

- 54401	- 54411	- 54421
- 54441	- 54451	- 54461
- 54481	- 54491	- 54501
- 54511	- 54521	- 54541
- 54581	- 54711	- 55321
- 55611	- 55621	

- Sækja þarf til Ríkisskattstjóra um endurgreiðsluna

Skýrslur sem nýtast:

GL: VSK 10.23 R12

Askur: Flokkur 8 Afstemmingar (801, 802)

33. Ógreidd gjöld - tegund 2275 / 22751 / 22754

Ógreidd gjöld skulu færð til gjalda á viðkomandi mánuð / ár og til skuldar á

- Tegund 2275, ógreidd gjöld ef stofnun er með AP
- Á tegund 2275 eiga eingöngu að bókast vélrænar færslur
- Tegund 22751, ógreidd gjöld ef stofnun er ekki með AP
- Ef búið er að loka AP þá á að bóka ógreidd gjöld á tegund 22751
- Tegund 22754, áætluð ógreidd gjöld, fært vegna lokana tímabila í Orra

Skýrslur sem nýtast:

Askur: 301, 384, 811, 812

AP: Eftirstöðvalisti viðskiptaskulda

34. Fjárfestingarframlög - tegund 2320 og 2810

- Fjárfestingarframlag er hluti af fjárheimildum skv. LOF:

Fjárheimild skiptist í rekstrarframlag, rekstrartilfærslu, fjármagnstilfærslu og fjárfestingarframlag. Allar fjárfestingar stofnana eru meðhöndlaðar eins og skulu vera fjármagnaðar með fjárfestingarframlagi. (Undantekning þegar fjárfest er fyrir sértekjur)

Tegund 2320 Fjárfestingarframlag

- Sýnir stöðu fjárfestingaframlags á hverjum tíma

Tegund 2810 Fyrirframgreitt fjárfestingarframlag

- Á að sýna sömu tölu og 18 lykjar. Samtala 18xxx = 2810 (með sömu frávikum og á tegundum 58xxx / 6800)

REKSTUR

TEKJUR 4

41	Skatttekjur
43	Fjárframlög
44	Aðrar tekjur
45	Seld þjónusta
46	Vörusala
47	Framlög og ýmsar tekjur
48	Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna
49	Hagnaður af peningalegum eignum

GJÖLD 5

51	Launagjöld
52	Vörukaup almenn
53	Vörukaup sérgreind
54	Þjónusta I
55	Þjónusta II
56	Vörur til birgða og endursölu
57	Fjármagnskostnaður, bætur, tryggingar og opinber gjöld
58	Afskriftir - Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna
59	Tilfærslur, framlagsfé o.fl.

6700	Framlag ríkissjóðs
6800	Fjárfestingarframlag ríkissjóðs
9990	Hagnaður / tap ársins

35. Lotun tekna / gjalda

- Bókhald ríkissjóðs er á rekstrargrunni sem felur í sér að allar tekjur og gjöld ársins eiga að bókast innan ársins
- Tekjur skulu færðar í rekstrarreikningi þess mánaðar / árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað. Tilvik geta verið að því að reikningur sé dagsettur á öðru reikningstímabili / ári en þjónusta er veitt eða vara seld og þarf þá að áætla fyrir því
- Ganga þarf úr skugga um að allar tekjur og öll gjöld ársins hafi skilað sér í bókhaldi stofnunar áður en lokað er. Ef vitað er um ókomna reikninga eða óreikningsfærða þjónustu eða vöru, sem hafa veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu, skal áætlað fyrir þeim
- Til að tefja ekki vinnslu uppgjörs kann að vera nauðsynlegt fyrir stofnanir að áætla þann kostnað og þær tekjur sem ekki er búið að bóka (reikningur hefur ekki borist en vara / þjónusta móttekin) þegar uppgjör er gert
- Ávallt eiga að vera fyrirliggjandi nægar upplýsingar til að áætlun óbokaðra liða geti verið gerð án efnislegra frávik
- Mikilvægt er að tryggt sé að öll móttekin vara og þjónusta verði reikningsfærð á því ári sem varan er afhent og þjónustan veitt
- Samþykkt reiknings felur m.a. í sér að verið er að samþykkja að um rétt tímabil sé að ræða og óheimilt er að færa kostnað milli ára

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 5 Rekstraryfirlit, rekstraráætlun

36. Vörusala - tegundir 463 og 464

- Stofnanir sem eru með reglulega sölustarfsemi í sínum rekstri eiga að nota þessar tekjutegundir
- Tilfallandi eða minni háttar vörusala færist einnig á þessar tegundir

37. Tekjur vegna sölu lausafjáreigna í eignaskrá - tegundir sala eigna 471 / 481999

- Stofnunum er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, og nýta andvirðið til endurnýjunar á búnaði og tækjum

Eignir skráðar í eignaskrá FA

- Ávallt skal skrá sölu eigna í FA Eignakerfið. Eignin er sótt á vinnusvæði eigna, veljið „Úreldingar“ og skráið inn viðeigandi upplýsingar, sbr. söluverð, tegund úreldingar og upplýsingar um söluna í athugasemd. Eignakerfið skilar færslum á rétta tegundalykla í fjárhag (GL) og eignin er úrelt úr eignakerfinu. Hagnaður af sölu eignar færist sjálfvirkt á tegundalykil 481999 - Sala annarra fastafjármuna og hækkar fjárfestingaheimild stofnunar, en sölutap vegna eignar færist á tegundalykil 5801 sem lækkar frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda
- Nánari leiðbeiningar: <https://fjs.atlassian.net/wiki/spaces/FJS/pages/2058977477/Eignakerfi+FA>

Aðrar lausafjáreignir

- Önnur sala eigna er færð á tegundir 471

38. Vaxtatekjur - tegund 477

- Samkvæmt 37. gr. LOF

skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð

- Vaxtatekjur færast með hefðbundnum hætti á 47702 og 57472 og síðan millifært yfir á tegund 13104. Á ekki við innheimtumenn ríkissjóðs

39. Framlög - tegund 478

Óendurkræf framlög frá opinberum aðilum, innlendum og erlendum eða alþjóðastofnunum eiga að bókast á tegundir

- 47802 - 47892 eftir því frá hverjum greiðslan kemur
- 47802 Innbyrðis framlög milli **A-hluta stofnana (sjá ríkisreikning sl. ár)**
- 47822 Rekstrarframlög frá einkaaðilum, innlendum og erlendum
- 47832 Framlög til fjárfestinga frá einkaaðilum innlendum og erlendum
- 47842 Rekstrarframlög frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum
- 47852 Framlög til fjárfestinga frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum
- 47862 Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum
- 47872 Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum
- 47882 Gjafir
- 47892 Framlög frá **B- og C-hluta**
- Sjá reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja ríkisstofnana í A-hluta á heimasíðu Fjársýslunnar

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

40. Endurgreiðsla á útlögðum kostnaði - tegund 4792 - 4797

Svo sem:

- 47952 Endurgreiddur ferðakostnaður frá einkaaðilum, innlendum og erlendum
- 47962 Endurgreiddur ferðakostnaður frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum
- 47972 Endurgreiddur ferðakostnaður frá innlendum opinberum aðilum
- Yfirfara hvort endurgreiðslur vegna ferðakostnaðar séu réttilega bókaðar sem endurgreiðsla
- Ef veittur er styrkur vegna ferðar þá á að bóka hann á tegund 47952-47972 eftir því frá hverjum endurgreiðslan kemur

Það má ekki færa endurgreiðslu á útlögðum kostnaði til lækkunar á gjaldategund

41. Starfsmannakostnaður - tegund 519

Uppbót vegna líkamsræktar - tegund 51910

- Hér skal færa líkamsræktarstyrki til starfsmanna. Færa skal styrkina á kennitölu viðkomandi starfsmanns
- Telja skal styrkinn fram á starfsmanninn með bókunartákni 1. (Sjá skattmat á skatturinn.is)
- Best er að fara með líkamsræktarstyrki til starfsmanna í gengum launakerfið
- Undantekning frá þessari reglu er kostnaður vegna líkamsræktar lögreglumanna. Embættið greiðir kostnað vegna líkamsræktar lögreglumanna samkvæmt kjarasamningum þeirra og er hann bókaður á tegund 54930 - þjónustugjöld ýmis á kennitölu söluaðila líkamsræktar

Endurmenntun, námskeið, námsstyrkir til starfsmanna - tegund 51920

- Greidd skólagjöld fyrir starfsmann færast hér. Hér skal færa beinan kostnað við menntun starfsmanna, verðandi starfsmanna og umsækjenda um störf í formi þátttökugjalda og annarra greiðslna fyrir fræðslu- og endurmenntunarnámskeið sem færast ekki undir aðra tegundaliði
- Hér á ekki að færa greiðslur til sérfræðinga sem fengnir eru til að halda námskeið heldur skal færa þær greiðslur beint á viðkomandi verktaka- eða þjónustutegund samkvæmt menntun þeirra
- Beinir peningastyrkir, eins og námsstyrkir, sem ríkisaðilar veita í formi skólagjalda til einstaklinga annarra en starfsmanna færast sem framlög til einstaklings á tegund 59342

Samgöngustyrkir - tegund 51930

- Hér skal færa samgöngustyrki til starfsmanna. Færa skal styrkinn á kennitölu viðkomandi starfsmanns
- Telja skal styrkinn fram á starfsmanninn með bókunartákni 1. (Sjá skattmat á skatturinn.is)
- Best er að fara með samgöngustyrki til starfsmanna í gengum launakerfið

Gjafir til starfsmanna - tegund 51960

- Um gjafir gilda reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa
- Jóla-, afmælis- eða aðrar tækifærisgjafir sem stofnunin gefur starfsmönnum skal færa hér

Risna veitt til starfsmanna, framlag til starfsmannafélaga - tegund 51970

- Hér skal færa alla risnu sem stofnunin veitir til starfsmanna, boð, árshátíð o.fl.
- Styrki til starfsmannafélaga viðkomandi stofnana skal færa hér

42. Matvæla kaup - tegund 528

- Vegna kaupa á **matvælum** eiga stofnanir sem **ekki** reka mótuneyti að nota teg. 52810 / 52890
- Einungis stofnanir sem reka mótuneyti eiga að nota tegund 52820
- Efni til matreiðslukennslu á að bóka á tegund 53850 Efni til matreiðslukennslu

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

43. Lyf - tegund 535 - 537

- Teg. 535 Lyf og tengd efni
- Teg. 536 Lækninga- og hjúkrunarvörur
- Teg. 537 Sjúkrahústæki og áhöld
- Þessar tegundir eru eingöngu til notkunar hjá heilbrigðisstofnunum, heilsugæslustöðvum og öðrum sjúkrastofnunum
- Aðrar stofnanir eiga að bóka kaup á sjúkravörum (verkjalyf, plástur o.þ.h.) á tegund 52940 vörur til skyndihjálpar

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

44. Fundarkostnaður - tegund 54100

- Á tegund 54100 á einungis að bóka þann kostnað sem fellur til vegna fundarkostnaðar sem ekki er hægt að færa á aðrar viðeigandi tegundir þ.e. ósundurliðaðan kostnað

45. Risna - tegund 54150

(almennt á ekki að bóka á tegund 54140 risnufé fast)

- Hér er um að ræða kostnað sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim sem risnunnar nýtur gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu. Hér er um að ræða risnu gagnvart þriðja aðila s.s. viðskiptaaðila eða samstarfsaðila
- Öll áfengiskaup skulu bókuð hér

Við frágang risnureiknings þurfa eftirfarandi atriði að vera uppfyllt

- Reikningurinn þarf að vera skýrt sundurliðaður þannig að sjá megi hvers eðlis útgjöldin eru og umfang þeirra
- Reikningurinn þarf að vera áritaður af forstöðumanni stofnunar. Ef um hærri risnu er að ræða ber stofnunum að hafa samráð við viðkomandi ráðuneyti
- Tílefni risnunnar og rökstuðning þarf ávallt að rita á reikninginn eða á fylgiblað með reikningnum
- Greina skal frá því hvort samráð hafi verið haft við viðkomandi ráðuneyti

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

46. Óuppgerður ferðakostnaður - tegund 54219, 54239 og 54299

- Þessar tegundir eru tengdar ferðauppgjörskerfi Orra og eiga ekki að vera með stöður í árslok

47. Öryggisgæsla - tegund 54550

- Öryggisgæsla (t.d. Securitas) á að bókast á tegund 54550 Almenn öryggisgæsla og björgunarstörf, ekki á tegund 54580 Björgunarstörf, öryggisgæsla og neyðarsímsvörur

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

48. Samningsbundin kaup og leiga - tegund 550

- Um er að ræða samninga vegna kaupa á þjónustu, tækjabúnaði, fasteignum og rekstri

Tegund 55060 Rekstrarleiga - tölvubúnaður

- Hér á að bóka rekstrarleigusamninga sem gerðir eru við fyrirtæki vegna langtímaleigu á tölvum og ýmsum búnaði þeim tengdum

Tegund 55070 Rekstrarleiga - bifreiðar

Tegund 55080 Rekstrarleiga - önnur tæki og áhöld

- Samkvæmt reglum nr. 83/2000 6.gr er stofnunum óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum um kaupleigu eða fjármögnunarleigu án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki fjármálaráðuneytis og viðkomandi fagráðuneytis

49. Vörukaup - tegund 563 og 564

- Einungis stofnanir sem eru með reglulega sölustarfsemi í sínum rekstri eiga að nota þessar gjaldtegundir

50. Afskriftir - tegund 58

- Tegundir undir yfirflokki 58 á aðeins að nota til að taka á móti sjálfvirkum afskriftafærslum frá eignakerfi Orra (FA)
- Óheimilt er að bóka á tegundir sem byrja á 58 frá og með bókunardagsetningunni 01.01.2017
- Eignakaup skal færa á viðeigandi tegundir undir tegundaflokki 18
- Ganga þarf frá FA m.a. varðandi sölu og úreldingu eigna áður en gengið er frá ársreikningi

51. Tilfærslur - tegund 591 rekstrartilfærslur

- Rekstrartilfærslur eru til rekstrar hjá móttakanda. Þetta eru greiðslur í formi framlaga og styrkja sem inntar eru af hendi án skuldbindingar um endurgjald í einhverri mynd frá styrkþega til þess sem framlagið eða styrkinn veitir,
- T.d. Styrkir til námsmanna, listamanna, vísinda- og rannsóknastarfa
- Þessi framlög / styrkir eiga að bókast á tegundir 59102 - 59182 eftir því til hverra er verið að greiða
- Ekki er heimild að færa fjárveitingar milli rekstrarframlaga og tilfærslna og fjárfestinga skv LOF

Sjá reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja ríkisstofnana í A-hluta á heimasíðu Fjársýslunnar

59102 Til ríkisstofnana í A-hluta (ekki heimild til að veita tilfærslur innan A-hluta)

59112 Til ríkisaðila í B-hluta

59122 Til sveitarfélaga

59132 Til fyrirtækja og atvinnuvega

59142 Til einstaklinga, samtaka og heimila

59143 Til einstaklinga, styrkir til náms-, rannsókna og vísindastarfa

59152 Til lánastofnana í C-hluta

59182 Til erlendra aðila

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

52. Tilfærslur - tegund 592 fjármagnstilfærslur

- Fjármagnstilfærslur eru veittar til fjárfestinga hjá móttakanda þ.e. til eignfærslu
- Ekki er heimild að færa fjárveitingar milli rekstrarframlaga og tilfærslna og fjárfestinga skv LOF
- Sjá reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja ríkisstofnana í A-hluta á heimasíðu Fjársýslunnar

59202 Til ríkisstofnana í A-hluta (ekki heimild til að veita tilfærslur innan A-hluta)

59212 Til ríkisaðila í B-hluta

59222 Til sveitarfélaga

59232 Til fyrirtækja og atvinnuvega

59242 Til einstaklinga, samtaka og heimila

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

53. Tilfærslur - tegund 593

- Hér er um að ræða greiðslur í formi framlaga og styrkja sem inntar eru af hendi án skuldbindingar um endurgjald í einhverri mynd frá styrkþega til þess sem veitir styrkinn. Styrktarlínur í blöð og tímarit skal færa á tegund 59342
- Þessi framlög / styrkir eiga að bókast á tegundir 59302 - 59382 eftir því til hverra er verið að greiða
- Sjá reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja ríkisstofnana í A-hluta á heimasíðu Fjársýslunnar
- Athugið að beinir peninga- og námsstyrkir til starfsmanna færast á tegund 51920 og styrkir og framlög til starfsmannafélaga
- viðkomandi stofnunar færast á tegund 51970

59302 Til ríkisstofnana í A-hluta (sjá ríkisreikning sl. ár)

59322 Til sveitarfélaga

59332 Til fyrirtækja og atvinnuvega

59342 Til einstaklinga, samtaka og heimila

59343 Til einstaklinga, styrkir til náms-, rannsókna og vísindastarfa

59382 Til erlendra aðila

Skýrslur sem nýtast:

Askur: Flokkur 1 Hreyfingar og flokkur 4 Samanburður

54. Hagnaður / Tap ársins - tegund 9990

- Hér má eingöngu færa hagnað / tap tímabilsins / ársins

Fjársýslan sér um að bóka á þessa tegund

LISTI YFIR HELSTU SKÝRSLUR

GL-aðgangur - Staðlaðar skýrslur (Sjá leiðbeiningar á heimasíðu FJS)

Ársreikningur

- Staða bankareikninga

Hreyfingalisti

VSK Skýrslur

- VSK SKÝRSLA 10.09 R12
- VSK SKÝRSLA 10.23 R12

Askur skýrslur

- Mannauður: Orlofsskuldbinding - Notanda skýrsla
- Eignakerfi: Fjárhagsskýrsla

AP-aðgangur - Staðlaðar skýrslur (Sjá leiðbeiningar á heimasíðu FJS)

Eftirstöðvalisti - Stofnun - Viðskiptamenn

Eftirstöðvalisti viðskiptaskulda

AR-aðgangur - Staðlaðar skýrslur (Sjá leiðbeiningar á heimasíðu FJS)

Eftirstöðvalisti AR

Askur

1 Hreyfingar

100 Hreyfingar, skönnuð skjöl

- 101 Í tegundaröð
- 105 Í kennitöluröð frá skráningardagsetningu
- 140 Hreyfingar birgja*
- 142 Greiddir reikningar með bankaupplýsingum
- 146 Veltutölur birgja

190 Sérstakir hreyfingarlistar

- 191 Hreyfingarlisti fyrir ferðauppgjörskerfi
- 192 Hreyfingarlisti fyrir ferðauppgjör, fellival
- 1990-1999 Nánari sundurliðun á ferðum starfsmanna

3 Stöður

300 Staða viðfanga, tegunda og vídda

- 301 Staða tegunda, valið tímabil
- 311 Staða viðfanga, valið tímabil

- 321 Staða vídd1, valið tímabil
- 331 Staða vídd2, valið tímabil
 - 350 Staða viðskiptamanna*
- 350 Í nafnaröð
- 359 Staða vörslureikninga
 - 380 Hreyfingar með upphafs og lokastöðu*
- 383 Kennitölur fjárhags með lokastöðu
 - 390 Staða við ríkissjóð*
- 391 Greiðslur hreyfing á tegund og tímabil
- 392 Greiðslustaða á tegund
- 393 Greiðslur og heimildir ársins

4 Samanburður

- 400 Samanburður milli ára*
- 421 Tegundir
 - 450 Samanburður, raun, heimild, áætlun, fyrra ár*
- 451 Tímabil hreyfingar

5 Rekstraryfirlit, rekstraráætlun

- 500 Rekstraryfirlit, rekstraráætlun*
- 501 Rekstraryfirlit
- 503 Rauntölur skipt á mánuði
- 505 Rekstraryfirlit samanburður við fyrra ár

6 Fjárheimildir

- 600 Fjárheimildir hreyfingar*
- 601 Millisumma tegund og viðfang
- 602 Millisumma viðfang og tegund
- 604 Yfirlit
 - 620 Fjárheimildir stöður og samanburður*
- 621 Staða fjárheimilda, tímabil og ársins
- 623 Staða fjárheimilda, skipt á tímabil
- 625 Rauntölur og fjárheimildir staða viðfangsefna

8 Afstemming

- 800 Afstemming VSK*
- 801 VSK í GL - Afstemming
- 802 VSK í AP - Afstemming
 - 810 Afstemming AP*
- 811 Staða eftir uppruna
- 812 Hreyfingar með annan uppruna en AP
 - 820 Afstemming AR*
- 821 Staða eftir uppruna
- 822 Hreyfingar með annan uppruna en AR

9 Stofnskrá

900 Stofnskrá

- 901 Viðföng
- 904 Bókunartákn
- 906 Vídd 1
- 907 Vídd 2